

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 27. febrúar 2019, í máli nr. S-510/2018:

Ákærvaldið

(Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)

Mál þetta sem dómtekið var 30. janúar sl. var höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 17. júlí 2018 „á hendur X, kt. [...], [...], [...] fyrir eftirtalin brot:

I.

Ofbeldi í nánu sambandi með því að hafa:

1. Mánudaginn 30. október 2017 veist með ofbeldi að A, kt. [...], á áfangameimilinu M, [...], [...], slegið hana í andlit með þeim afleiðingum að A tvíbrotnaði á kjálka og hlaut mar á efri hluta hægra eyra og mikla blæðingu á vinstri hluta andlits.
2. Miðvikudaginn 25. apríl 2018 veist með ofbeldi að A, kt. [...], á skemmtistaðnum N, [...], [...], slegið hana í andlit og sparkað í hana þar sem hún lá á jörðinni með þeim afleiðingum að hún hlaut skrap í húð undir vinstra auga, mar og kúlu yfir hægri augabrún, mar á öxl og mar á báðum hnjám.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 218. b. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þjófnað og hótun með því að hafa fimmtudaginn 27. júlí 2017 í verslun Lyfju, Lág múla 5, Reykjavík, stolið tveimur ilmvötum, og farið með út um inngang verslunarinnar án þess að greiða fyrir og í beinu framhaldi, fyrir framan verslunina, hóttað B, kt. [...], starfsmanni Lyfju hf., með sprautunál.

Telst þetta varða við 233. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fíkninefnalagabrot með því að hafa:

Mánudaginn 30. október 2017 haft í vörslum sínum eitt stykki af LSD í álpappír sem lögreglumenn fundu við öryggisleit að [...], [...].

Fimmtudaginn 27. júlí 2017 haft í vörslum sínum 0,95 grömm af kókaíni sem lögreglumenn fundu við leit á heimili hans að [...], [...].

Teljast brot þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er jafnframt krafist að fíkniefni þau sem haldlögð voru af lögreglu, sjá ákæruliði í kafla III., verði gerð upptæk, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Einkaréttarkröfur:

Vegna ákæruliðar I.1 gerir Eva Dóra Kolbrúnardóttir lögmaður., þá kröfu f.h. A, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa miskabætur samtals að fjárhæð kr. 1.500.000, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 30.10.2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Vegna ákæruliðar II. gerir [...], kt. 290859-2719, framkvæmdastjóri Lyfju hf. þá kröfu f.h. Lyfju hf., kt. 531095-2279, hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 12.788, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 27.07.2017, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga

nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.“

Þann 19. september sl. gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út framhaldsákæru á hendur ákærða, með skírskotun til 1. mgr. 153. gr. og 1. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar sem aukið var við ákærana frá 17. júlí 2018 með þeim hætti að „vegna ákæruliðar I.2 krefst Eva Dóra Kolbrúnardóttir, hdl., f.h. A, kt. [...], hér eftir nefndur kröfuhafi, að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa miskabætur samtals að fjárhæð kr. 1.500.000, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 25.04.2018, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af ákæruliðum I. og II. en að öðru leyti vægustu refsingar sem lög leyfa. Jafnframt krefst hann frávísunar framhaldsákæru og að bótakröfum verði vísað frá dómi, en til vara verulegrar lækkunar bótakrafna. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

1.1 liður ákæru

Þann 30. október 2017 var óskað eftir aðstoð lögreglu vegna heimilisofbeldis milli pars að [...] þar sem rekið er áfangaheimilið M. Vitnið C tók á móti lögreglu og vísaði þeim í herbergi innst á gangi. Þar lá brotapolí í rúminu. Föt hennar voru blóðug og hún var blóðug í framan, bólgin á vinstri vanga og kvartaði undan eymslum í kjálka. Blóð var víða um herbergið. Vitnin C og D sögðu að ákærði væri gerandinn, en hann leigði herbergið sem brotapolí var í. Mikil læti hefðu heyrst frá herberginu síðustu tvo klukkutímana. Ákærði og brotapolí hefðu rifist. Svo hefði hávaðinn aukist og dynkir farið að heyrast. C hefði þá bankað hjá þeim en D hefði hringt á lögregluna. Skömmu síðar hefði ákærði komið fram á gang og yfirgefið húsið. Hann hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis. Þeir hefðu þá farið inn í herbergið og séð brotapóla alblóðuga. Þeir töldu útilokað að einhver annar hefði verið í herberginu. Brotapolí hefði verið í annarlegu ástandi og átt erfitt með að greina frá því hvað hefði komið fyrir hana. Fyrst um sinn hefði hún

sagt að ákærði hefði gengið í skrokk á henni og kýlt hana margoft í andlitið með krepptum hnefa. Hann hefði kastað símanum hennar í vegg og hann hefði brotnað. Síðar hefði hún breytt framburði sínum og sagt að hún vissi ekki hver gerandinn væri. Hún hefði verið æst í skapi og átt erfitt með að vera kyrr. Hún hefði greint frá neyslu á kannabis, amfetamíni, kókaíni og áfengi en annars lítið viljað tjá sig.

Á slysadeild greindi brotþoli frá því að hún hefði verið búin að sprauta sig með kókaíni, amfetamíni og fleiri lyfjum. Í skýrslu lögreglu kemur fram að erfitt hafi verið að ræða við hana vegna áhrifa áfengis og fikniefna. Hún hafi einnig verið ósátt við að vera á slysadeild og ítrekað viljað fara þaðan. Hún greindi frá því að þau ákærði hefðu rifist og hann hefði verið afbrýðisamur. Hún myndi ekki mikið af því sem hefði gerst en hún hefði slegið ákærða í líkamann og hann þá slegið hana í andlitið. Hann hefði svo tekið hana hálstaki þegar hún hefði ætlað að fara. Aftur var rætt við brotþola á slysadeild daginn eftir. Hún sagði þau ákærða hafa verið að skemmta sér alla helgina og eiginlega ekkert búin að sofa. Hann hefði verið afbrýðisamur þetta kvöld og hún haldið að hann hefði gert eitthvað. Hún hefði þá farið að ásaka hann um að vera með annarri konu og setja út á móður hans. Hún hefði kýlt hann í andlitið á fullu. Hann hefði reynt að stöðva hana og farið niður á hnén til að biðja hana um að hætta. Hún hefði þá sparkað í andlitið á honum. Hún mundi ekki eftir því að hann hefði kýlt hana og vissi ekki hversu oft það hefði gerst. Hún hefði bara vaknað blóðug þegar lögreglan hefði verið komin. Þá kvaðst hún hafa reynt að stinga hann með glerbroti úr lampa sem hefði brotnað í átökum þeirra.

Ákærði var handtekinn samdægurs. Voru þá myndaðir á honum áverkar vinstra megin á síðu og baki, en samkvæmt framburði hans hefði brotþoli slegið hann ítrekað í andlitið og síðan lagt til hans með hnífi með þeim afleiðingum að hann hefði fengið skurð neðarlega á bakið.

Í vottorði E, sérfræðings í bráðalækningum, frá 29. nóvember 2017, kemur fram að brotþoli hafi komið með sjúkrabíl á bráðamóttöku 30. október 2017. Hún hafi greint frá því að hafa orðið fyrir líkamsárás af hálfu kærasta, sem hún hafi ekki nafngreint. Þau hafi rifist og hann farið að ýta við henni. Hún hafi ekki munað meira. Við skoðun á höfði hafi komið í ljós mar á efri hluta hægra eyra sem gæti samrýmst nýlegu höggi þar. Hún hafi haft mikla blæðingu á vinstri hluta andlits og sýndist vera með fyrirferð sem virtist vera blæðing yfir kjálka. Tennur hennar hafi verið skakkar og kjálkinn hafi ekki lokast eðlilega. Einnig hafi verið að sjá brotálínur í tannholdinu þar, en engar brotnar tennur hafi fundist. Þessi skoðun hafi þó verið erfið sökum verkja, vímu og andlegs ástands brotþola. Hún hafi jafnframt haft yfirborðsmar á brjóstkassa. Við tölvusneiðmynd hafi komið í ljós að hún væri tvíkjálkabrotin, annars vegar vinstra megin við aftasta jaxl eða áttundu tönn talið

frá miðlínu og hins vegar hægra megin á milli fjórðu og fimmtu tannar talið frá miðlínu. Brotapoli hafi farið í aðgerð þar sem brotin hafi verið skrúfuð saman. Eftirlit hafi verið fyrirhugað en brotapoli hafi ekki mætt. Árásin á brotapola virtist hafa verið fólkskuleg. Yfirgnæfandi líkur væru á að hún hafi verið slegin af krafti bæði hægra og vinstra megin í höfuðið.

1.2 liður ákæru

Þann 25. apríl 2018 var lögregla kölluð til á skemmtistaðinn N við [...]. Vitnin G og H mættu lögreglu og sögðu ákærða hafa hlaupið af vettvangi skömmu áður. Þeir greindu frá því að ákærði hefði lamið kærustu sína fyrir utan skemmtistaðinn. Lögreglumenn fóru og leituðu að ákærða en skömmu síðar barst tilkynning um að hann væri kominn aftur á skemmtistaðinn. Þegar að var komið var ákærði á gólfinu og G, H og I að reyna að halda honum niðri. Brotapoli sagði ákærða vera kærastann sinn, en þau hefðu ekki hist í nokkra daga þar sem hún hefði verið að hugsa um að hætta með honum vegna ítrekaðs ofbeldis af hans hálfu. Ákærði hefði verið góður við hana þennan dag þar til hún hefði heilsað strák á skemmtistaðnum og hann orðið afbrýðisamur. Hún hefði farið út að reykja og ákærði hefði komið á eftir henni og kýlt hana í andlitið. Við það hefði hún fallið í jörðina og ákærði farið að sparka í höfuð hennar þar til G hefði komið út og hjálpað henni. Samkvæmt skýrslu lögreglu var brotapoli með miklar bólgur í andliti. Vitnið G greindi frá því að hann hefði heyrt hávaða og dynki fyrir utan skemmtistaðinn. Hann hefði hlaupið út og séð ákærða traðka ofan á höfðinu á brotapola. Hann hefði á stokkið á ákærða og kastað honum utan í glugga. Þeir hefðu tekist á í stutta stund þar til ákærði hefði hlaupið af vettvangi. Skömmu síðar hefði lögreglan komið en farið að leita að ákærða. Ákærði hefði svo komið aftur hlaupandi inn á staðinn og reynt að komast að brotapola sem hefði læst sig inni á klósetti. Hann hefði, ásamt fleirum, haldið ákærða niðri þar til lögreglan hefði komið. Vitnið H lýsti því að hann hefði heyrt óhljóð fyrir utan og er hann hefði farið að kanna það nánar hefði hann séð ákærða standa yfir brotapola og slá hana hnefahöggum í höfuðið. G hefði gripið inn í, reynt að skakka leikinn og ýtt ákærða í glugga. Ákærði hefði farið en komið aftur og séð brotapola við innganginn að klósettunum. Hann hefði hlaupið í áttina að henni en I hefði staðið í vegi fyrir honum. Þau hefðu endað á gólfinu og hann hefði farið þangað til að halda ákærða niðri. Vitnið I kvaðst hafa heyrt mikinn hamagang og einhver hefði sagt að maður væri að berja konu. Hún hefði sjálf ekki orðið vitni að því. Þegar ákærði hefði komið aftur á staðinn hefði hann séð brotapola við klósettin. Henni hefði fundist hann gera sig líklegan til að ráðast aftur á brotapola. Hún hefði þá staðið í dyragættinni og reynt að meina honum inngöngu. Við það hefðu þau fallið á gólfið og hún hefði reynt að halda honum niðri og róa

hann.

Fyrir liggja upptökur úr öryggismyndavélakerfi skemmtistaðarins N sem sýna hluta atburðarásarinnar. Á einu myndskeiði sést hvar ákærði og brotþoli ganga að útidyrhurð staðarins og virðast vera ósátt. Ákærði virðist vera æstur. Þau fara síðan út og brotþoli virðist lenda á gangstéttinni fyrir utan staðinn. Á öðru myndskeiði sést að eitthvað er að gerast á milli ákærða og brotþola en ekki er hægt að greina hvað. Tveir menn fara út af staðnum í flýti og skömmu síðar kemur brotþoli hlaupandi inn. Svo virðist sem menn takist á og síðan skellur einhver utan í glugga. Ákærði kemur svo gangandi inn og virðist vera ósáttur. Á öðru myndskeiði má sjá hvar brotþoli heldur um hægri vanga og verið er að hlúa að henni. Brotþoli stendur síðan upp og hleypur inn á klósett og kona stendur í vegi fyrir ákærða sem kemur að og tekur utan um hana. Maður stekkur þá aftan á ákærða og þeir takast á. Sjá má að ákærði heldur á pool-kjuða sem hann missir í átökunum. Annar maður bætist við og þeir halda ákærða. Fyrri maðurinn slær ákærða ítrekað, að því er virðist til að reyna að losa ákærða af konunni. Svo sést hvar lögregla kemur á vettvang. Nokkur önnur myndskeið sýna ákærða og brotþola, m.a. má sjá þau rífast og að brotþoli ýtir ákærða frá sér og gengur í burtu og ákærði á eftir henni.

Samkvæmt læknisvottorði J, sérfræðings á slysa- og bráðamóttöku Landspítala, frá 17. maí 2018, kom brotþoli á bráðamóttöku 25. apríl 2018. Við skoðun hafi sést smáskrap í húð undir vinstra auga, mar og kúla fyrir hægri augabrún. Það hafi verið eins og blæðing í húð yfir hægri öxl framanvert og lítið hliðlægt mar þar. Mar hafi verið á hnjám beggja vegna. Greindir hafi verið margir yfirborðsáverkar.

II. liður ákæru

Lögregla var kölluð að Lyfju í Lág múla 27. júlí 2017 vegna manns sem hefði hnuplað tveimur ilmvatnsglösum og hótað starfsmanni með sprautunál þegar hann hefði ætlað að hafa afskipti af honum. Lögregla hitti þar fyrir starfsmann Lyfju, L. Hún greindi frá því að hafa verið í ilmvatnsdeildinni er maður kom inn. Hún kvaðst hafa boðið honum aðstoð en hann hefði neitað því og sagst vita nákvæmlega hvað hann vildi. Því næst hefði hann tekið tvö herra ilmvötn og gengið rակleidis út úr apótekinu. Hún hefði farið á eftir honum og beðið hann um að skila vörunum í tröppunum fyrir utan, en hann hefði þá sagt háum rómi „ekki koma nær mér“ og hótað henni með sprautunál. Vitnið K kvaðst hafa séð hvar maðurinn tók ilmvötn úr apótekinu og gekk út. Hann hefði gengið út á eftir honum og séð starfsmanninn gefa sig á tal við manninn. Maðurinn hefði þá æst sig og tekið upp skítuga sprautunál og hótað henni.

Myndir náðust af ákærða inni í apótekinu sem liggja frammi í málinu.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði játar sök samkvæmt III. kafla ákærunnar en neitar sök samkvæmt I. og II. kafla. Hann greindi frá því að hann hefði átt í stormasömu sambandi við brotþola um nokkurra mánaða skeið en ekki verið í sambúð með henni. Þau hefðu á þeim tíma verið í mikilli fíkniefnaneyslu. Þau hefðu verið ótrú hvort öðru og mjög afbrýðisöm. Fyrir atvikið í ákærulið I.1 hefði brotþoli verið búin að ráðast þrisvar sinnum á hann og m.a. reynt að stinga hann með hnífi. Þetta skipti hefðu þau verið stödd á áfangaheimili, þar sem hann hefði fengið herbergi með því skilyrði að hann neytti ekki áfengis eða fíkniefna. Þau hefðu þó neytt fíkniefna þetta kvöld og hann hefði viljað gæta þess að ekki heyrðist hávaði frá þeim. Brotþoli hefði verið með læti, ráðist á hann, sparkað í andlitið á honum og skorið bakið á honum með glerbroti, auk þess sem hún hefði sagt ljóta hluti um móður hans. Hann hefði þá reiðst og misst stjórn á sér. Hann hefði slegið hana tvisvar sinnum með flötum lófa. Hann hefði ekki viljað kalla eftir aðstoð þar vegna skilyrðis áfangaheimilisins um edrúmennsku. Hann sjái mikið eftir þessu atviki og hafi tekið það nærri sér hve illa brotþoli hefði meiðst.

Ákærði kvaðst ekki muna vel eftir atvikinu í ákærulið I.2. Hann hefði verið búinn að drekka mikinn bjór. Hann hefði farið með brotþola á N og þar hefðu þau lent í deilum. Hann gæti hafa slegið brotþola umrætt sinn en hann hefði ekki sparkað í hana. Ef hann hefði gert það hefði farið verr. Hann muni eftir afskiptum manns að nafni G. Hann hefði verið reiður út í hann þegar hann hefði vaknað í fangaklefa eftir atvikið.

Varðandi II. kafla ákærunnar lýsti ákærði því að hann hefði verið undir áhrifum örvandi efna og hefði ekki sofið dögum saman en hann muni vel eftir þessu. Hann hefði farið í apótekið og tekið rakspíra til að skipta fyrir fíkniefni. Hann hefði ekkert verið að fela hvað hann hefði gert. Hann hefði sagt starfsmanninum sem hefði elt sig út að láta sig í friði. Hann hefði ekki hótad henni og ekki verið með sprautunál. Ákærði greindi að lokum frá því að hann væri nú í gæsluvarðahaldi og hefði fengið pláss á meðferðargangi. Það gangi vel hjá honum.

Brotþoli kvaðst hafa verið í stormasömu sambandi með ákærða í u.þ.b. eitt ár, en hluta þess tíma hefðu þau búid saman. Rifrildi og slagsmál hefðu verið algeng. Þegar atvikið í ákærulið I.1 hefði átt sér stað hefðu þau verið búin að skemmta sér í nokkra daga, notað fíkniefni og lítið sofið. Minni hennar af atburðum sé ekki alveg skýrt en hún muni að þau hafi rifist og verið afbrýðisöm og ásakað hvort annað um framhjáhald. Ákærði hefði reynt að þagga niður í henni þar sem þau voru á áfangaheimili. Hún kvaðst ekki muna eftir slagsmálum milli þeirra þetta

kvöld eða nákvæmlega hvað hefði verið sagt. Þá mundi hún ekki eftir því að minnst hefði verið á móður ákærða. Hún mundi þó eftir að hafa sakað ákærða um að sofa hjá fyrrverandi kærustunni sinni og stelpunni í herberginu á móti. Ákærði hefði lamið hana og m.a. brotið lampa og veifað honum brotnum. Hún hefði tekið brot upp af gólfinu en þó ekki veist að ákærða. Skurður á honum gæti mögulega verið eftir að hún hefði verið að verja sig. Hún kvaðst ekki muna eftir höggunum en muna eftir að ranka við sér og sjá blóð renna. Ákærði hefði verið að pakka niður í tösku og fara. Hún hefði þríkjálkabrotnað og misst tvær tennur. Hún hefði verið á spítala í tvo daga og m.a. þurft að gangast undir aðgerð. Eftir þetta hefði hún átt erfitt með að borða, kjálkinn á henni hefði getað fest og hún fengi enn kul þegar kalt væri í veðri. Þá hefði þetta haft slæm áhrif á hana andlega. Eftir atvikið hefði hún reynt að hlífa ákærða, m.a. með því að segja að hún hefði ráðist á hann. Hún kvaðst ekki muna eftir að tala við lögreglu eftir atvikið enda hefði hún verið undir miklum áhrifum.

Varðandi ákærulið I.2 kvaðst brotþoli hafa hitt ákærða og fleiri á skemmtistaðnum N. Ákærði hefði verið lengi vakandi og í neyslu. Hún hefði sjálf verið drukkin en myndi þó vel eftir þessu. Hann hefði ásakað hana um að horfa á annan mann. Þau hefðu farið út þar sem ákærði hefði ráðist að henni. Hún hefði fallið í jörðina og reynt að verja kjálkann á sér með því að halda höndunum fyrir. Ákærði hefði reynt að losa hendurnar frá og sparka í hana. Hún hefði fengið högg frá honum með krepptum hnefa og mörg spörk. Hann hefði sagst ætla að drepa hana. Vitnið G hefði komið þar að og slegist við ákærða en hún hefði þá hlaupið undan. Hún hefði að lokuð flúið undan honum inn á baðherbergi en væri sannfærð um að hann hefði haldið áfram hefði það ekki tekist. Hún hefði heyrt slagsmál þar fyrir utan. Afleiðingarnar hefðu verið kúla á höfðinu og glóðarauga, auk þess sem hún hefði orðið hrædd, reið og sár.

Vitnið C kvaðst hafa verið húsvörður á áfangaheimilinu M á þessum tíma. Hann hefði verið inni í herberginu sínu þegar íbúar hefðu komið og látið vita af því að eitthvað gengi á í herbergi ákærða. Hann hefði athugað málið en þá hefði allt verið rólegt. Svo hefði hann aftur verið látinn vita um læti um klukkustund síðar. Hann hefði bankað hjá ákærða og heyrt hljóð eins og verið væri að fleygja dóti og svo eins og brotþoli væri laminn. Hann hefði farið að sækja lykla og þegar hann hefði komið til baka hefði hann mætt ákærða á ganginum. Ákærði hefði sagt „ég ætla ekki að koma nálægt þessu“ og hefði lyft höndum. Hann hefði ekki séð áverka á honum. Vitnið kvaðst hafa farið inn í herbergi ákærða og séð brotþola liggja á gólfinu. Hún hefði verið blóðug og illa farin í andliti. Mikið blóð hefði verið í herberginu.

Vitnið D kvaðst hafa verið ásamt vinkonu sinni í herbergi gegnt herbergi ákærða á áfangenheimilinu. Dyrnar hefðu verið opnar og hann hefði séð brotþola, sem hefði verið kærasta ákærða, fara inn í herbergið. Hann hefði heyrt þau ákærða rífast. Hún hefði komið út og greinilega verið í annarlegu ástandi. Hún hefði síðan farið aftur inn og þau ákærði hefðu haldið áfram að rífast. Hann hefði nær einvörðungu heyrt í brotþola sem hefði verið mjög hávær og virst halda að ákærði væri að halda fram hjá henni. Í framhaldi hefðu heyrst dynkir og skellir og síðan eyndaróp í brotþola. Hann hefði þá hringt á lögreglu. Skömmu síðar hefðu dyrnar opnast og ákærði hefði farið út. Hann hefði ekki orðið var við áverka á honum. Herbergið hefði verið í rúst og blóð á gólfi og húsgögnum. Brotþoli hefði verið miður sín, blóðug og bólgin. Hún hefði hreyft munninn eins og hún væri kjálkabrotin. Hún hefði reynt að verja ákærða og ekki viljað að farið yrði á eftir honum.

Vitnið L lögreglumaður kvaðst hafa komið að herbergi ákærða í rúst, munir hefðu verið brotnir á gólfinu og blóð úti um allt. Brotþoli hefði verið í uppnámi og hrædd og virst undir áhrifum vímuefna. Hún hefði verið með áverka í andliti, blóðug og bólgin öðrum megin. Erfitt hefði verið að skilja hana. Hún hefði sagt að hún hefði verið lamin en síðan farið að draga það til baka.

Vitnið P lögreglumaður kvaðst hafa hitt tvo menn á vettvangi sem bjuggu þar. Annar hefði verið að hlúa að brotþola sem hefði verið hálfgrátandi með mikla áverka og í annarlegu ástandi vegna fíkniefnaneyslu. Hún hefði haft verk í kjálka og virst hrædd og í uppnámi. Reynt hefði verið að ræða við hana en það hefði reynst erfitt vegna ástands hennar. Mennirnir á staðnum hefðu sagt að kærasti brotþola væri gerandinn en enginn annar hefði verið á staðnum. Þeir hefðu fundið mikla áfengislykt af ákærða. Vitnið kvaðst hafa farið á slysadeild þar sem rætt hefði verið við brotþola. Erfitt hefði verið að tala við hana. Hún hefði verið ósamvinnuþýð og ekki viljað viðurkenna að kærastinn hennar hefði ráðist á hana. Hún hefði sagt að hún elskaði hann mikið og ítrekað reynt að hringja í hann.

Vitnið E bráðalæknir kvað aðaláverkana á brotþola hafa verið kjálkabrot en auk þess hefði hún haft mar á öðrum líkamspörtum, einkum höfði. M.a. hefði hún haft ferskt mar í kringum hægra eyra sem hefði komið til á sama tíma og brotið, en ekki í sama höggi. Andlegt ástand hennar hefði verið erfitt, hún hefði verið í uppnámi, með mikla verki og undir áhrifum vímuefna. Tölvusneiðmynd hefði staðfest að um kjálkabrot væri að ræða og hefði hún farið í aðgerð vegna þess. Talsvert afl þurfi til að valda slíkum áverkum. Ólíklegt væri því að hún hefði verið slegin með opnum lófa. Líklegra væri að hún hefði verið kýld eða sparkað í hana, en brotið hefði einnig mögulega getað komið til við fall í gólfið. Brotin tvö geti hafa komið til af einu höggi. Brotþoli hefði greint frá því að hún hefði lent í

handalögmálum eða orðið fyrir árás af hálfu kærasta sem hún hefði ekki nafngreint. Hún hefði átt erfitt með að greina vel frá þessu.

Vitnið Q lögreglumaður kvaðst hafa farið að slysadeild til þess að ræða við brotþola. Hún hefði verið þar með brotþola í töluverðan tíma. Brotþoli hefði haft mikla áverka, sérstaklega öðrum megin í andlitinu. Grunur hefði verið um kjálkabrot en erfitt hefði verið að fá brotþola til að vera á slysadeildinni. Erfitt hefði verið að tala við hana og hún hefði verið samhengislaus. Hún hefði grátið og verið reið og pirruð. Hún hefði greint frá átökum sínum og ákærða og viðurkennt að hún hefði ráðist á hann og slegið. Hún hefði gert minna úr hans hlut í átökunum.

Vitnið R lögreglumaður greindi frá því að hann hefði farið á slysadeild og rætt við brotþola. Hún hefði greint frá því að þau ákærði hefðu bæði neytt fíkniefna. Hún hefði verið með aðdróttanir í garð móður hans og lagt til hans með broti úr lampa eða vasa. Hún hefði líka viðurkennt að hafa slegið hann og hann hefði kýlt hana. Brotþoli hefði verið með verulega áverka og átt erfitt með að tala. Vitnið kvaðst hafa tekið myndir af áverka á ákærða, sem hafi verið grunnur skurður á síðu, en ákærði hefði sagt þetta eftir hníf. Hann hefði líka verið hruflaður í framan og gæti hafa verið með bólgna vör.

Vitnið G kvaðst vera kunningi ákærða. Hann hefði verið á skemmtistaðnum N er ákærði og brotþoli hefðu farið að rífast og farið út fyrir. Þau hefðu öll verið undir áhrifum fíkniefna. Hann hefði heyrt öskur og dynki, litið út og séð hvar brotþoli lá í jörðinni og ákærði hefði verið að reyna að sparka í hana. Hann hefði einnig séð hann ná að koma einu eða tveimur höggum á hana með hnefa. Hann kvaðst ekki viss um hvar þau hefðu lent. Hann taldi að þetta hefði ekki endað vel ef hann hefði ekki komið að og stöðvað ákærða. Annar maður hefði verið að reyna að róa ákærða en það hefði ekki gengið. Ákærði hefði hlaupið í burtu en komið aftur. Hann hefði verið mjög árásargjarn og það hefði þurft nokkra til að stöðva hann. Þau hefðu haft hann í taki á gólfinu þegar lögreglan hefði komið.

Vitnið I kvaðst hafa verið að spila pool á skemmtistaðnum N þegar ákærði og brotþoli hefðu komið inn. Þau hefðu litið út fyrir að vera venjulegt þar en skyndilega hefðu hafist ryskingar á milli þeirra. Þau hefðu farið að ýta hvort í annað. Brotþoli hefði sagt að ákærði væri afbrýðisamur og hún ætlaði út að reykja. Síðan hefði hún heyrt G segja að ákærði væri að sparka í höfuðið á brotþola. Brotþoli hefði svo komið hlaupandi inn grátandi í miklu uppnámi. G hefði reynt að stoppa ákærða fyrir utan. Lögreglan hefði komið fljótlega að leita ákærða. Þá hefði verið farið að róast og brotþoli hefði sest inn í bás við hliðina á vitninu. Hún hefði sagt að ákærði hefði lamið sig og þetta væri ekki í fyrsta skipti sem þetta hefði gerst. Skyndilega hefði ákærði komið aftur og verið enn æstari en fyrr. Brotþoli hefði verið hrædd við hann. Hún hefði staðið upp og hlaupið öskrandi inn

á klósett. Vitnið hefði elt hana og reynt að koma í veg fyrir að ákærði kæmist inn á klósett. Ákærði hefði gripið pool-kjuða og komið að henni. Hún hefði tekið um hendur hans og látið sig falla í gólfíð. Tveir menn hefðu komið á eftir að reyna að stöðva ákærða og þau hefðu öll verið í gólfínu. Ákærði hefði róast og hætt og síðan hefði lögreglan komið. Eftir atvikið hefði G sagt henni að hann hefði séð brotþola liggja á grúfu og ákærða sparka í hana.

Vitnið S kvaðst hafa verið á skemmtistaðnum N þegar átök hefðu brotist út. Hún hefði heyrt öskur frá brotþola og séð hana koma hlaupandi inn. Ákærði hefði verið að lemja brotþola en hún hefði ekki orðið vitni að árásinni sjálfri. Hún hefði hringt í lögreglu. Ákærði hefði komið inn á skemmtistaðinn og tekið pool-kjuða og brotið. Brotþoli hefði læst sig inni á klósetti og ákærði hefði tekið aðra konu í tak fyrir utan. Það hefði þurft nokkra menn til að halda honum niðri.

Vitnið T lögreglumaður kvaðst hafa farið á N eftir tilkynningu um slagsmál. Ákærði hefði verið farinn af vettvangi og þeir hefðu farið að leita að honum. Skömmu síðar hefði komið tilkynning um að ákærði væri kominn aftur á staðinn. Þegar þeir hefðu komið að hefði ákærða verið haldið í gólfínu og brotþoli verið búinn að læsa sig inni á klósetti. Ákærði hefði verið mjög æstur en hefði róast þegar honum hefði verið ógnað með úðavopni. Vitni á staðnum hefðu sagt að ákærði hefði ætlað að fara á eftir brotþola. Rætt hefði verið við brotþola og önnur vitni. Komið hefði fram að brotþoli og ákærði hefðu verið par. Þau hefði greint á vegna afbrýðisemi. Brotþoli hefði verið hrædd og í uppnámi og hefði sagt ákærða hafa lamið sig. Vitnið G hefði greint frá því að líkamsárásin hefði átt sér stað fyrir utan skemmtistaðinn. Þar hefði ákærði sparkað í höfuð brotþola og hann hefði því skorist í leikinn.

Vitnið kvað einnig hafa farið á vettvang vegna ákærukafla II. Ákærði hefði þá verið farinn en rætt hefði verið við starfsmenn Lyfju og vitni fyrir utan. Fram hefði komið að ákærði hefði verið að stela og hefði síðan ógnað starfsmanni fyrir utan með sprautunál. Hann vissi ekki til þess að sprautunál hefði fundist.

Vitnið U lögreglumaður kvaðst hafa komið á N þegar ákærði hefði verið farinn. Þeir hefðu leitað að ákærða en svo fengið tilkynningu um að hann væri kominn aftur. Hann hefði legið á gólfínu í hrúgu af fólki þar sem honum hefði verið haldið. Hann hefði ekki gefist upp strax en ekki streist á móti handtöku. Hann hefði verið í annarlegu ástandi. Vitni hefðu greint frá því að ákærði hefði ráðist á kærustuna sína. Brotþoli hefði verið í miklu uppnámi.

Vitnið V lögreglumaður kvaðst hafa komið á N eftir að ákærði hefði verið handtekinn. Hann hefði rætt við brotþola og vitni á lögreglustöð. Brotþoli hefði greint frá því að þetta hefði gerst vegna afbrýðissemiskasts ákærða. Þau hefðu farið að rífast og svo farið út. Ákærði hefði hent henni utan í rúðu og hún fallið á jörðina.

Þar hefði hann kýlt hana og sparkað í hana. Vitni hefði komið þarna að og kallað inn á staðinn að ákærði væri að berja brotaþola. Hann hefði farið að skipta sér af samskiptum þeirra. Sá maður hefði sagt að ákærði hefði sparkað í mjöðm, læri og höfuð brotaþola. Annað vitni hefði greint frá því að koma út og sjá ákærða sparka að brotaþola en ekki hvar högginn hefðu lent. Á upptöku frá skemmtistaðnum sjáist hvar einhver lendi á rúðu og falli við. Ákærði hefði farið og komið aftur og töldu vitnin að hann hefði ætlað að veitast aftur að brotaþola og hefði gert það hefði hann ekki verið stöðvaður. Vitnið mundi ekki eftir áverkum á brotaþola en hann hefði ráðlagt henni að leita á slysadeild.

Vitnið J, sérfræðilæknir á bráðadeild, staðfesti læknisvottorð sitt vegna skoðunar á brotaþola. Hún hefði greint frá því að hafa orðið fyrir líkamsárás af hálfu kærasta. Hún hefði talað um að hann hefði reynt að sparka í andlitið á henni. Áverkarnir hefðu bent til þess að hún hefði fengið högg á andlitið en samt náð að verjast með handleggjunum. Spörkin hefðu þó ekki verið ýkja kröftug miðað við að fullorðinn maður hefði gert þetta. Brotaþoli hefði einnig haft marblett á hægri öxl og áverka á báðum hnjám eins og hún hefði fallið í gólfið. Áverkar hennar hefðu samræmst sögu hennar.

Vitnið B kvaðst hafa verið við störf í apóteki Lyfju þegar ákærði hafi komið þar inn og hafa staðið við ilmvoðnin. Ákærði hefði tekið ilmvatn og gengið út. Hann hefði greinilega verið ákveðinn í því hvað hann ætlaði að gera. Hún hefði farið á eftir honum. Þegar hann hefði gengið niður tröppurnar framan við apótekið og verið við horn hússins hefði hann sagt „ekki koma“ eða eitthvað slíkt. Hann hafði haldið á sprautunál og beint henni að henni. Hún hefði orðið hrædd og liðið illa. Hún hefði fyrst séð sprautunálina fyrir utan húsið en ekki séð hvað hefði orðið um hana.

Vitnið K kvaðst hafa stoppað fyrir utan apótekið. Hann hefði séð starfsmann koma út úr apótekinu á eftir ungum manni. Hún hefði hrópað á eftir honum. Maðurinn hefði þá snúið sér við og hvæst á hana að hún skildi ekki voga sér að elta hann. Starfsmaðurinn hefði frosið og greinilega orðið mjög hrædd. Hann hefði rætt við hana á eftir. Hún hefði greint frá því að maðurinn hefði ætlað að stinga hana með skítugri sprautunál. Vitnið kvaðst sjálfur ekki hafa séð neina nál. Hann taldi að maðurinn hefði verið með varning, sem hann hefði stolið, í báðum höndum og hann hefði því ekki getað verið með sprautunál. Spurður um framburð sinn hjá lögreglu kvaðst hann telja að hann hefði litast af samtölum eftir atvikið, en hann hefði ekki séð sprautunál sjálfur.

Vitnið Þ, starfsmaður í Lyfju, kvað ungan mann hafa komið inn í apótekið og stolið tveimur rakspírum beint fyrir framan hana og annan starfsmann. Hinn starfsmaðurinn hefði farið út af eftir manningum. Hún hefði komið til baka og sagt

að ákærði hefði stoppað í tröppunum fyrir utan og sýnt sér sprautunál. Henni hefði greinilega verið brugðið.

Niðurstaða

1.1 liður ákæru

Í þessum lið ákærunnar er ákærða gefið að sök ofbeldi í nánu sambandi með því að hafa slegið brotþola í andlitið með þeim afleiðingum m.a. að hún tvíbrotnaði á kjálka. Ákærði neitar sök. Hann hefur þó viðurkennt að hafa slegið brotþola en kveðst hafa verið að verjast árás hennar. Um neyðarvörn hafi því verið að ræða.

Samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er verk refsilaust að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til. Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar og ástæða þess er sú að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín skal honum ekki refsað.

Bæði ákærði og brotþoli hafa greint frá mikilli fíkniefnaneyslu þegar atvik áttu sér stað. Þau eru sammála um að samband þeirra hafi verið stormasamt og þarna hafi komið til rifrildis á milli þeirra, m.a. vegna afbrýðisemi á báða bóga. Brotþoli lýsti því fyrir dómi að hún hefði ásakað ákærða um framhjáald. Hún neitaði því að hafa veist að honum og taldi áverka á honum geta hafa komið til þegar hún hefði verið að verja sig. Hún mundi til þess að ákærði hefði sveiflað brotnum lampa en mundi ekki eftir að hafa fengið högg frá honum, heldur hefði hún rankað við sér sár og blóðug og ákærði hefði verið að fara út. Hún sagði framburð sinn hjá lögreglu um að hún hefði ráðist á ákærða hafa verið til þess að hlífa honum, en hann væri ekki sannleikanum samkvæmur.

Ákærði lýsti atvikinu hins vegar þannig að brotþoli hefði ráðist á hann, sparkað í andlitið á honum og skorið hann með glerbroti. Hann hefði misst stjórn á sér við aðfarir hennar og slegið hana tvisvar sinnum með flötum lófa. Bæði ákærði og brotþoli voru undir miklum áhrifum fíkniefna. Lýsingar þeirra á atvikum bera þess merki. Engin vitni voru að framangreindum átökum, en þó heyrðu íbúar í húsnaðinu læti og rifrildi frá herberginu sem þau voru í og sáu ákærða koma út og brotþola liggja slasaða eftir.

Samkvæmt vottorði læknis og framburði fyrir dómi voru áverkar á brotþola talsverðir og var aðaláverkinn kjálkabrot. Til þess að valda slíkum áverka þyrfti að beita þó nokkru aflí. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af áverkum á brotþola og vettvangi. Af ljósmyndum af ákærða sést að hann hafði einnig lítills

háttar áverka í andliti og skurð á síðu.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að til átaka kom milli ákærða og brotþola þar sem þau veittu hvort öðru áverka. Áverkarnir á brotþola voru þó mun alvarlegri en á ákærða. Ákærði hefur sjálfur lýst því svo að hann hafi misst stjórn á sér og ráðist að brotþola í kjölfar þess að hún hafi ráðist að honum. Sú lýsing samræmist því ekki að hann hafi verið að verjast byrjaðri eða yfirvofandi árás af hálfu brotþola. Þá er ljóst að aðfarir hans voru að miklum mun harkalegri en árásin sem hann sætti. Þá er ekki um það að ræða að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða að hann hafi ekki getað gætt sín fullkomlega. Getur háttsemi ákærða því ekki réttlæst af neyðarvörn og verður hann sakfelldur fyrir að hafa slegið brotþola eins og honum er gefið að sök í ákæru.

1.2 liður ákæru

Í þessum lið ákærunnar er ákærða gefið að sök ofbeldi í nánú sambandi með því að hafa veist að brotþola á skemmtistaðnum N, slegið hana í andlit og sparkað í hana, þar sem hún lá á jörðinni, með nánar tilgreindum afleiðingum.

Ákærði neitar sök en kvaðst fyrir dómi ekki muna vel eftir þessu. Hann taldi að hann gæti hafa slegið brotþola en ekki sparkað í hana því þá hefði farið verr.

Brotþoli lýsti árásinni þannig að ákærði hefði ráðist að sér og hún fallið í jörðina þar sem hann hefði sparkað í hana og lamið. Árásinni hefði ekki linnt fyrr en maður hefði gengið á milli og stöðvað atlögu ákærða.

Vitni hafa lýst því að ákærði hafi verið mjög æstur og mikið hafi þurft til að stöðva hann. Vitnið G lýsti því að hann hefði heyrt hávaða og litið út fyrir skemmtistaðinn. Hann hefði séð brotþola á jörðinni og ákærða reyna að sparka í hana. Þá hefði hann séð eitt eða tvö högg frá honum. Þessi framburður samræmist framburði H hjá lögreglu sem kvaðst hafa séð brotþola á hnjánum fyrir utan skemmtistaðinn og ákærða reyna að sparka í hana, en ekki reyndist unnt að fá vitnið fyrir dóminn, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt vottorði læknis hafði brotþoli ýmsa yfirborðsáverka eftir árás ákærða. Fyrir dóminum greindi læknirinn frá því að áverkarnir bentu til þess að hún hefði fengið högg á andlitið, en varist með handleggjunum. Ef sparkað hefði verið í hana hefðu það ekki verið mjög kröftug spörk.

Á myndbandsupptökum sem liggja fyrir í málinu sést að til einhverra ryskinga hefur komið milli ákærða og brotþola. Atvikin áttu sér stað fyrir utan skemmtistaðinn og atburðarásin sést ekki skýrlega. Þó sést að brotþoli fellur í jörðina.

Með því sem rakið er hér að framan er sannað að ákærði veittist að brotþola umrætt sinn og sló hana. Hins vegar þykir ekki sannað að hann hafi

sparkað í hana, en engin vitni hafa borið um að hafa séð það, utan brotaþola, og ekki verður ráðið með vissu af áverkum hennar að sparkað hafi verið í hana.

Ákærði hefur samkvæmt framangreindu verið fundinn sekur um að hafa ítrekað beitt þáverandi kærustu sínu ofbeldi. Þykir sú háttsemi rétt heimfærð í ákæru til 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

II. liður ákæru

Ákærði neitar sök í II. lið ákærunnar. Þar er honum gefinn að sök þjófnaður og hótun með því að hafa stolið tveimur ilmvatnsglösum úr apóteki og í framhaldi hótað starfsmanni apóteksins með sprautunál. Er sú háttsemi heimfærð til 233. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði greindi frá því að hann hefði farið í apótekið og tekið ilmvatnsglösina án þess að gera nokkra tilraun til þess að leyna því. Hann hefði gengið út úr apótekinu og sagt við starfsmanninn sem hefði veitt honum eftirför að hún skyldi láta sig vera en hann hefði ekki hótað henni og ekki verið með sprautunál.

Tveir starfsmenn apóteksins komu fyrir dóminn og staðfestu að hafa séð ákærða taka ilmvatnsglösina og ganga út án þess að greiða fyrir þau. Starfsmaðurinn sem veitti ákærða eftirför lýsti því fyrir dómnum hvornig hann hefði snúið sér við er hún hefði kallað á eftir honum og haldið á sprautunál sem hann hefði beint að henni. Vitni sem sá ákærða fyrir utan og ræddi við starfsmanninn á eftir kvaðst hins vegar ekki hafa séð sprautunál og taldi reyndar að ákærði gæti ekki hafa verið með hana þar sem hann hefði haldið á vörum með báðum höndum. Hann skýrði framburð sinn hjá lögreglu um það þannig að hann hefði verið að hafa eftir það sem starfsmaðurinn sagði honum. Engin sprautunál fannst á vettvangi eða á ákærða sem stutt gæti framburð starfsmanns apóteksins. Með því að ekki er öðru fyrir að fara en framburði eins starfsmanns apóteksins um að ákærði hafi hótað henni verður að sýkna ákærða af þeim lið ákærunnar. Hann verður hins vegar fundinn sekur um að hafa tekið tvö ilmvatnsglös úr apótekinu, en sú háttsemi verður heimfærð til 245. gr. almennra hegningarlaga en ekki 244. gr.

III. liður ákæru

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín í þessum ákærulið. Sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...] [...]. Samkvæmt sakavottorði hans hefur útgáfu ákæru á hendur honum einu sinni verið frestað skilorðsbundið, hann hefur einu sinni gengist undir lögreglustjórasátt vegna fíkniefnalagabrots og hann hefur þrisvar sinnum verið dæmdur vegna umferðar-, fíkniefna- og hegningarlagabrota.

Nú síðast var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga með dómi [...] [...]. Með brotum þeim sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir hefur hann rofið skilorð samkvæmt þeim dómi. Verður dómurinn því dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar verður einnig litið til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar I. kafla ákærunnar. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk eitt stykki af LSD í álpappír og 0,95 g af kókaíni sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Af hálfu brotþola, A, er krafist miskabóta samtals að fjárhæð 3.000.000 króna, eða 1.500.000 krónur vegna hvors atviks um sig sem greinir í I. kafla ákærunnar. Ákærði hefur krafist frávísunar framhaldsákæru, sem gefin var út 19. september 2018, með einkaréttarkröfu brotþola vegna ákæruliðar I.2, en krafa hennar er dagsett 18. sama mánaðar. Ákæra í málinu var gefin út 17. júlí 2018 og málið var þingfest 26. nóvember sama ár, en ekki tókst að hafa upp á ákærða fyrr. Ekki verður séð af gögnum málsins að framhaldsákæra hafi verið birt ákærða fyrr en þá. Ákærði mótmælti því að krafan kæmist að í málinu.

Háttsemin sem um ræðir í ákærulið I.2 átti sér stað 25. apríl 2018. Brotþoli gaf samdægurs skýrslu hjá lögreglu. Daginn eftir óskaði hún eftir nálgunarbanni á ákærða. Nokkrum dögum áður, eða þann 20. apríl 2018, hafði brotþola verið tilnefndur réttargæslumaður vegna atviksins í ákærulið I.1. Réttargæslumaðurinn var þó ekki viðstaddur skýrslutökuna og ekki verður séð af henni að brotþola hafi sérstaklega verið kynntur réttur hennar til að koma á framfæri skaðabótakröfu.

Samkvæmt 1. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal einkaréttarkröfu brotþola í sakamáli komið á framfæri við lögreglu á meðan á rannsókn þess stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Heimilt er að koma kröfu á framfæri við ákæranda eftir útgáfu ákæru ef skilyrðum 1. mgr. 153. gr. til útgáfu framhaldsákæru er fullnægt eða ákærði samþykkir að hún komist að í málinu, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum til að hafa slíka kröfu uppi í málinu. Skilyrðin sem fram koma í ákvæðinu eru þau að leiðrétta þurfi augljósar villur eða að upplýsingar sem ekki hafi legið fyrir þegar ákæra var gefin út gefi tilefni til.

Ekki verður séð að krafa brotþola byggist á upplýsingum sem ekki lágu fyrir þegar ákæra var gefin út. Að þessu virtu og með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 757/2013 verður að telja að ekki hafi verið skilyrði til útgáfu framhaldsákæru í málinu. Þá liggur fyrir að ákærði hefur ekki samþykkt að bótakrafan komist að í málinu. Verður því að vísa kröfunni frá dómi.

Brotþoli á rétt á miskabótum vegna ákæruliðar I.1 með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um var að ræða alvarlega líkamsárás og voru

afleiðingarnar töluverðar fyrir brotaþola. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Lyfja hf. krefst skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 12.788 krónur auk nánar tilgreindra vaxta. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfuna eins og hún er fram sett og verður dæmdur til greiðslu hennar.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 1.835.200 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Evu Dóru Kolbrúnardóttur lögmanns, 1.468.222 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 84.310 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sæti upptöku á einu stykki af LSD í álpappír og 0,95 g af kókaíni.

Ákærði greiði A, 1.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. október 2017 til 20. desember 2018, en þá með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags.

Einkaréttarkröfu A vegna ákæruliðar I.2 er vísað frá dómi.

Ákærði greiði Lyfju hf. 12.788 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. júlí 2017 til 20. desember 2018, en þá með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 1.835.200 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Evu Dóru Kolbrúnardóttur lögmanns, 1.468.222 krónur, og 84.310 krónur í annan sakarkostnað.